



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, heildarlög.  
Málsnr. 613.**

ÖBÍ vill lýsa ánægju sína yfir því fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið. Þrátt fyrir það vill ÖBÍ taka fram að frestur til að veita umsögn um svo mikilvægt og stórt mál eins og umrætt frumvarp er var allt of skammur. Tíminn dugði ekki til að lesa frumvarpið nægilega vel yfir og bera það saman við þau lög sem eru í gildi. Því er mögulegt að okkur hafi yfirsést atriði í frumvarpinu sem nauðsynlegt hefði verið að gera athugasemdir við. Jafnframt gafst ekki tími til lýðræðislegra vinnubragða innan ÖBÍ s.s. að bera athugasemdirnar í heild sinni undir stjórn bandalagsins. Verður því að taka tillit til þessara atriða þegar athugasemdir ÖBÍ eru til umfjöllunar. ÖBÍ telur skynsamlegt, vegna aðstæðna, að fresta afgreiðslu frumvarpsins til haustsins og jafnframt að sjúkratryggingastofnun taki ekki til starfa fyrr en 1. janúar 2009 frekar en 1. september nk. eins og áætlað er. Með því móti skapast meira svigrúm til að vanda enn betur gerð frumvarpsins sem er að mörgu leyti er gott.

**Helstu athugasemdir við frumvarpið í heild:**

**Markmið frumvarpsins.**

Markmið frumvarpsins eru skýr og það er jákvætt að stuðlað sé að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu með hámarks-gæði í huga. Jafnframt er það til bóta að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu óháð því hvort veitendur þjónustunnar séu opinberir aðilar, sjálfseignarstofnanir, einkafyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingar.

**Réttindi sjúklinga.**

Með tilkomu sjúkratryggingastofnunar og laga um sjúkratryggingar má gera ráð fyrir að rekstrarform verði fjölbreyttara en áður og að rekstur heilbrigðisþjónustu verði í auknum mæli í höndum rekstraraðila sem lúta ekki stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Hefur ÖBÍ áhyggjur af réttindum þeirra sjúklinga sem munu njóta þjónustu þessara aðila en þeir lúta ekki stjórnarsýslulögum nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Því er brýnt að setja sérstakt ákvæði inn í lögin, að þeir aðilar sem gera þjónustusamning við sjúkratryggingastofnun um að veita heilbrigðisþjónustu skuli lúta stjórnarsýslulögum. Með slíku ákvæði í lögum veitist sjúklingum sem telja á sér brotið möguleikar á því að leita réttar síns t.d. með því að leita til umboðsmanns Alþingis. Er það sérstaklega mikilvægt hjá þeim þjónustuaðilum þar sem teknar eru stjórnarsýsluákvæðanir um rétt eða skyldur manna en í stjórnarsýslulögum er kveðið á



um leiðbeiningaskyldu stjórnvaldsins, málshraða, rannsóknarskyldu, jafnræði, hæfisskilyrði, meðalhóf, andmæli og kæranleika.

#### **Ákvörðunarvald ráðherra.**

Lagatextinn ber þess merki að hann sé unnin á tiltölulega skömmum tíma þar sem mikið er vísað í heimild ráðherra um að kveða nánar um einstakar greinar með reglugerðum. Með því móti er dregið úr öryggi sjúklinga um réttindi sín sem annars geta breyst verulega á skömmum tíma. ÖBÍ telur nauðsynlegt að draga úr valdi ráðherra með því að setja í auknum mæli ákvæði í lagatextann en raun ber vitni.

#### ***Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.***

##### **6. gr. Skipan stjórnar.**

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra skipi í stjórn sjúkratryggingastofnunar og ekki er skilgreint nánar um hæfni og þekkingu stjórnarmanna. ÖBÍ gerir athugasemd við það og leggur til að í stjórn sitji fulltrúar með ólíkan bakgrunn og faglega þekkingu sem nái út fyrir það sem snýr að beinum rekstri. Lagt er til að í stjórn sitji fulltrúi hagsmunasamtaka öryrkja til að gæta réttindi sjúklinga.

##### **8. gr. Starfshópar og sérfræðingar.**

Kveðið er á í 8. gr. um að sjúkratryggingastofnun sé heimilt að skipa í starfshópa og kalla til sérfræðinga til að ræða ýmis mál s.s. við mat á því hvort unnt sé að veita læknismeðferð hér á landi sbr. 23 gr. Lagt er til að kveða skýrar á um hlutverk starfshópa þ.e. að hlutverk þeirra geti einnig verið að meta og semja um sérfræðiþjónustu sem skynsamlegt væri að veita erlendis t.d. í endurhæfingarskyni (sjá nánar athugasemdir við 23. gr.).

### **III. KAFLI.**

#### **Sjúkratryggingar og þjónusta sálfræðinga.**

Í þriðja kafla frumvarpsins er tilgreint til hvers konar sérfræðiþjónustu sjúkratryggingar taka s.s. þjónustu sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara o.fl. ÖBÍ leggur til að sjúkratryggingar taki einnig til þjónustu sálfræðinga. Bent er á í því sambandi að notkun geðlyfja vegna geðrænna vandamála hafa aukist talsvert á undanförunum árum, sem í ákveðnum tilvikum er hægt að minnka með sálfræðimeðferð.

##### **11. gr. Sjúkratrygging, þrátt fyrir dvöl, nám eða atvinnu erlendis.**

Í 11. gr. frumvarpsins er heimild til að ákveða hvort að einstaklingur sé áfram sjúkratryggður í allt að eitt ár frá brottför af landinu þótt hann sé ekki námsmaður enda leiði milliríkjasamningur ekki til annars. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar. ÖBÍ leggur til að kveðið verði nánar á um slík réttindi í lögum, til að tryggja rétt einstaklinga sem flytja af landi brott í að lágmarki sex mánuði, eða þar til hann hafi öðlast rétt til heilbrigðisþjónustu í því landi sem hann dvelst í.



### **19. gr. Þjónusta sérgreinalækna.**

Í 19. gr. varðandi þjónustu sérgreinalækna kemur fram að ráðherra getur sett í reglugerð ákvæði um nánari framkvæmd greinarinnar, þar sem m.a. sé heimilt að ákveða að greiðsluþátttaka sjúkratrygginga sé háð tilvísun frá heimilislækni eða heilsugæslulækni. ÖBÍ leggur ríka áherslu á að ákvæðið verði tekið út. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan aðgang sjúklinga að sérgreinalæknum eins og verið hefur.

### **23. gr. Læknismeðferð erlendis.**

Í 23. gr. frumvarpsins, um meðferðir erlendis, er skýrt kveðið á um að sjúkratryggingar taka einvörðungu þátt í slíkum kostnaði vegna læknismeðferðar. Í skýringum við greininni kemur fram að ákvæðið tekur ekki til vistunar á stofnunum í endurhæfingarskyni. ÖBÍ telur mikilvægt að setja það inn í lög að mögulegt sé að sækja meðferð erlendis í endurhæfingarskyni, enda sé um nauðsynlega meðferð að ræða sem ekki er í boði hérlendis.

### **28. gr. Sjúkraflutningar.**

Í 28. gr. frumvarpsins er kveðið á um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við fargjald fylgdarmanns. Í frumvarpinu er ekki tilgreint hversu hátt hlutfallið verður en eins og staðan er nú er greiðsluþátttaka hins opinbera 7/8 af fargjaldi. ÖBÍ telur nauðsynlegt að fastsetja greiðsluhlutfallið í nýjum lögum og að ekki verði um skerðingu að ræða.

### **29. gr. Gjaldtaka.**

Í 29. gr. er tilgreint hvers konar heilbrigðisþjónustu má taka gjald fyrir. Í ákveðnum tilvikum er tilgreint að gjald skuli verða lægra fyrir aldraða, öryrkja og börn með ákveðnum undantekningum eins og fram kemur hér neðar og ÖBÍ gerir athugasemdir við.

- Í lið 1. er kveðið á um gjaldtöku fyrir þjónustu heilsugæslustöðva og kemur þar fram að aldraðir, öryrkjar og börn greiði lægra gjald en aðrir þjóðfélagshópar. Til að tryggja aðgang fólks að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag telur ÖBÍ æskilegt að afnema gjaldtöku fyrir þjónustu heilsugæslustöðva fyrir alla þjóðfélagshópa. Það getur, í ákveðnum tilvikum, leitt til minni sóknar til sérfræðinga. Þá er bent á að nú er frítt fyrir börn og getur verið ástæða til að fastsetja það í lög.
- Í lið 5. um útgáfu læknisvottorða á sjúkrahúsum og á heilslugæslustöðvum er ekki tilgreint að aldraðir, öryrkjar og börn greiði lægra gjald en aðrir en bæði aldraðir og öryrkjar þurfa oftast en aðrir þjóðfélagshópar á vottorði læknis að halda. Því er brýnt að huga að þeim þætti í lögum.
- Í lið 5. vill ÖBÍ benda á, að ekki er ákvæði um gjaldtöku vegna útgáfu vottorða sérfræðinga sem starfa utan heilsugæslunnar og sjúkrahúsa. Huga þarf að því að fastsetja ákveðna gjaldskrá fyrir slíkt og kveða sérstaklega á um það í lögum að öryrkjar, aldraðir og börn greiði lægra gjald. Er þetta sérstaklega



mikilvægt ef samningar um heilbrigðisþjónustu verði, í auknum mæli, gerðir við þriðja aðila með fjölbreyttara rekstrarform í huga.

- Í lið 6. um lyf er gert ráð fyrir að allir greiði sama gjald sem er ekki í samræmi við flesta aðra liði í 29 gr. ÖBÍ leggur ríka áherslu á að aldraðir, öryrkjar og börn greiði lægra gjald fyrir lyf enda er greiðslugeta þessara hópa oft minni en annarra þjóðfélagshópa. Jafnframt er bent á að t.d. öryrkjar þurfa að jafnaði í meira mæli að aðrir þjóðfélagshópar á lyfjum að halda vegna sjúkdóma og/eða fötlunar.

### **31. gr. Dvalarkostnaður.**

Í 31. gr. frumvarpsins er kveðið á um dvalarkostnað foreldra við sjúkrahúsinnlögn barna yngra en 18 ára fjarri heimilinu. Greitt verði að jafnaði fyrir annað foreldrið með þeirri undantekningu, þegar um lífshættulegan sjúkdóm er að ræða. Nauðsynlegt er að víkka þá skilgreiningu þannig að hún nái til þeirra barna sem eru með erfiðan sjúkdóm eða fötlun þar sem nauðsynlegt er að báðir foreldrar geti veitt barni sínu þann stuðning sem á þarf að halda.

### **32. gr. Sjúkradagpeningar.**

Það er almennt viðurkennt að upphæð sjúkradagpeninga eru allt of lágt og dugar ekki fyrir lágmarksframfærslu, meðlagsgreiðslum o.fl. Því er lagt til eftirfarandi:

- Að upphæðir sjúkradagpeninga hækki til muna og að fastsett verði í lög að þær fylgi ákveðinni vísitölu. Ekki nægir að þær hækki samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
- Að kannað verði hvort sjúkradagpeningar mættu tilheyra lögum um almannatryggingar og heyra þar af leiðandi undir félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Að skoða möguleikann á því að leggja fyrirkomulag sjúkradagpeninga niður og í staðinn geti fólk farið á endurhæfingarlífeyri á meðan á veikindum stendur.

### **45. gr. Gæði og eftirlit.**

Í 45. gr. er fjallað um gæði og eftirlit með þjónustu. ÖBÍ vill leggja áherslu á að í lögnum verði aukin áhersla lögð á þjónustusamninga, þar sem sérstaklega er kveðið á um gæði þjónustu, með því að skilgreina betur gæðakröfur og þjónustustaðla. Með þeim hætti er betur hægt að tryggja gæði þjónustu og mat á ákveðnum þáttum í starfsemi.




**58 gr. Breytingar á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.**

Í lið 3. í 58. gr. frumvarpsins segir, að við 10. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, bætist við ný málsgrein, sem veitir heimild til að greiða styrk til kaupa á bifreið sem er nauðsynleg vegna fötlunar. ÖBÍ telur rétt að sú grein verði í 26. gr. laga um sjúkratryggingar þar sem bifreið er mikilvægt hjálpartæki fyrir fatlaða sem ber að úthluta óháð efnahag.

Það er von ÖBÍ að heilbrigðisnefnd Alþingis taki tillit til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,  
f.h. ÖBÍ,

  
Vilja Þorgeirsdóttir,  
framkvæmdastjóri.